



Námsáætlun

HÖNN3lv07 vorönn 2021

Kennarar: Íris Bjarnadóttir og Tinna Ösp Arnardóttir

Markmið:

Lýsing

Lokaverkefni er raunverkefni unnið út frá áhugasviði hvers og eins. Viðfangsefni nemenda geta tengst ákvörðunum þeirra um val á framhaldsnámi eða innan atvinnulífsins. Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi nýsköpunar á hlut, verki, vöru eða þjónustu m.a. í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og ráðgjafa úr atvinnulífinu. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi hugmynda- og vinnumöppu auk skýrslugerðar (viðskiptaáætlunar). Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda. Nemendur þurfa að geta skilgreint markhóp fyrir vöru og/eða þjónustu, fjármagna verk sitt, markaðssetja, framleiða og selja. Lokamarkmiðið er að taka þátt í samkeppnum, sýningum og halda kynningar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- að velja form og lit, efni og aðferð og rökstutt valið við hæfi
- að vinna með nýsköpun á hlut, verki, vöru eða þjónustu
- samspili markaðssetningar, hönnunar, framleiðslu og sölu
- hvernig hönnun, framleiðsla og markaðssetning og sala helst í hendur
- að geta raungert hugmynd frá fyrstu hugdettu að lokaafurð
- gildi upplýsingaöflunar fyrir markaðs- og viðskiptaáætlanir

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verkefnaval
- leita til ráðgjafa og afla sér viðbótarþekkingar utan skólans
- þróa og endurmeta hugmyndir eða framleiðslu á öllum stigum vinnuferlisins
- hafa frumkvæði og kunnáttu til að velja „verkfæri“ og aðferðir í samræmi við verkefni
- nýta sér fagleg og skapandi vinnubrögð
- greina verkþætti og setja fram vinnulýsingu og kostnaðaráætlun
- koma viðskiptahugmynd á framfæri og hefja sölu
- taka þátt í kynningu, samkeppni og sýningu
- geta fært rök fyrir gildi afurðar
- setja fram markaðs- og viðskiptaáætlun
- nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt að hönnunarverkefni
- stofna, fjármagna og reka eigið „fyrirtæki“
- markaðssetja afurðina og hefja sölu

Kennslugögn: INNA og tölvupóstur. Netíð og námsgögn frá kennara. Nemendur útvega sjálfir efni og annað sem til þarf við úrvinnslu verkefna sinna.



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanga. Hvað er nýsköpun? Hópefli – sköpun Hönnunarferli samkvæmt aðferðum nýsköpunar: Finna a.m.k. 15 þarfir, leita lausna við öllum þörfum.		
02. 1.-5. mars	Hugmyndavinna Vettvangsferð - Heimsókn í verlanir + söfn Hönnunarvinna:		
03. 08-12. mars	Undirbúningur á kynningu og á bestu 5 nýsköpunarhugmyndum hvers nemenda. Endurgjöf, umræða og jafningjamat. Kynning Val á lokahugmynd í samráði við kennara. Tímalína/vinnuáætlun verkefnis. Lýsing á áætluðu vinnuferli stig af stigi, hráefni, tími, kostnaður o.s.frv. Val á vöru/lokaafurð og undirbúningur á gerð hennar.	9. mars – skila 15 hugmyndum 10. mars – skila og kynna 5 hugmyndir Heimsókn ? 14. mars - Skila verkáætlun/vinnuáætlun	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Undirbúningur á markaðsrannsókn. Gerð markaðsrannsóknar. Skilgreining á markhópi, ráðgjöf og fjármagni. Vinna í vöru	16. mars - skila markaðsrannsókn til yfirlstrar Markaðsrannsókn lögð fyrir Vettvangsferð?	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Úrvinnsla niðurstaðna – setja upp í skýrslu. Undirbúningur á gerð viðskiptaáætlunar Vinna áfram í vöru/lokaafurð	23. mars - Skila fullbúinni skýrslu úr markaðsrannsókn	Miðannarmat
29. mars-6. Apríl	Páskafrí		
06. 07.-09. apríl	Vinna áfram í vöru/lokaafurð		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Viðskiptaáætlun. Útfærsla á frumgerð lokaafurðar.	14. apríl - Forkynning á viðskiptahugmynd. Vara á að vera 80% tilbúin.	
08. 19.-23. apríl	Útfærsla á frumgerð lokaafurðar.	21. apríl - Skila fullbúinni vöru og kynning fyrir kennara	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl



09. 26.-30. apríl	Viðskiptaáætlun kláruð.	30. apríl - Skila viðskiptaáætlun	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Vinnsla og markaðsefni. Vinnslulok. Frágangur á frumgerð, fylgimöppu og markaðsefni.	7. maí - Skila inn markaðsefni	
11. 10.-14. maí	Kynningar og uppsetning á heimasíðu	12. maí - Kynning með prófdómara	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Kynningar og uppsetning á heimasíðu		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.

Námsmat:

- **35% - Frumverk, hönnunarferli, gæði frumgerðar og lokakynning**
 - Mikilvægt er að vörupróun eigi sér stað og hún komi skýrt fram í viðskiptaáætlun, kynningum og öðru sem tengist vörunni
 - Mikilvægt er að vörupróunarferlið sé skráð niður með texta og myndum
 - Kynna þarf hugmyndina fyrir prófdómara og kennurum
 - Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá að lámarki 4,5 út úr námsmati á vöru, vörupróun, kynningu á vöru ásamt kynningu fyrir prófdómara.
 - Til þess að nemandi standist áfangann þarf hann að skila inn tilbúinni vöru ásamt umbúðum (ekki má skila inn pródótýpu).
- **20% - Viðskiptaáætlun og markaðsrannsókn**
 - Vörupróun þarf að koma fram í viðskiptaáætlun
- **10% - Hugmyndavinna**
 - Skila þarf inn 15 hugmyndum
 - Skila þarf inn kynningu á fimm hugmyndum sem síðan er unnið nánar með
- **5% - Vinnuáætlun**
- **20% - Kynningarefni,**
 - 5 aðferðir við kynningu á vöru þ.a.m. auglýsing og blaðgrein og 3 aðferðir að eigin vali.
 - Mikilvægt er að taka góðar myndir af vörunni – í góðri upplausn
 - Mikilvægt er að sýna vöruna í notkun í kynningarmyndbandi/auglýsingu
 - Mikilvægt er að það komi fram upplýsingar um vöru, fyrirtæki í markaðsefni
- **10% - Ástundun og dagbók**
 - Metið er vinnuframlag nemenda í kennslustundum
 - Mætingareinkunn er gefinn samkvæmt skólasóknarreglum. Sjá nánar á heimasíðu FG.

Skil verkefna:

Öllum verkefnum skal skila á tilgreindum dögum (sjá nánar á Innu).

- **EKKI VERÐUR TEKIÐ VIÐ VERKEFNUM EFTIR SKILADAG.**
- **EKKI VERÐUR TEKIÐ VIÐ VERKEFNUM Í GEGNUM TÖLVUPÓST.**
- Frammistaða nemenda verður metin á miðri önn (miðannarmat).
- Vinnusemi og ástundun verður metinn í öllum verkefnum.



ATHUGIÐ!

- **Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá að lágmarki 4,5 út úr námsmati á vöru, vöruþróun, kynningu á vöru ásamt kynningu fyrir prófdómara.**
- Til þess að nemandi standist áfangann þarf hann að skila inn tilbúinni vöru ásamt umbúðum (**ekki má skila inn pródótýpu**).
- Áfanginn er 7 feiningar og á bakvið slíkan áfanga eiga að vera 140 klst. Í vinnu.
- Ef upp koma vandamál skulu nemendur hafa samband við kennara, t.d. með tölvupósti. **Vinnusemi og ástundun verður metinn í öllum verkefnum.**
- Frammistaða nemenda verður metin á miðri önn (miðannarmat). Ritstuldur er með öllu óheimill. Mjög mikilvægt er að hafa alla heimildaskráningu samkvæmt APA kerfi.

ATHUGIÐ!

Mætingarskylda er 87% samkvæmt reglum skólans. Raunmæting má ekki fara fyrir neðan 70%.

****Kennari áskilur sér rétt til breytinga á kennsluáætlun.**